

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

7. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga miðvikudaginn 4. júlí árið 2007. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Aðaldælahrepps að Iðjugerði og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Jafnframt óskaði hann eftir að bætt yrði á dagskrá málum 16 – 18. Það samþykkt.

1. **Erindi frá Björgvini Viðarssyni, Kraunastöðum, Aðaldælahreppi**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir fjárhús að Kraunastöðum. Húsið er 490,6 m² stálgrindarhús á steiptum grunni. Teikningar eru unnar af Alteikningu ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið að því tilskyldu að innri klæðning fullnægi kröfu um eldvarnir og afstöðumynd verði skilað til byggingarfulltrúa.

2. **Erindi frá Jafeti Ólafssyni, Langagerði 26, Reykjavík**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Árness, Aðaldælahreppi. Húsið sem er frá EBK í Danmörku er timburhús á steiptum grunni

Byggingarnefnd samþykkir erindið, með fyrirvara um að fullnægjandi teikningum verði skilað til byggingarfulltrúa, lóðarsamning við landeigendur, samþykki landeiganda fyrir legu vegar og samþykki vegagerðar fyrir aðkomu að þjóðvegi.

3. **Erindi frá Yngva Ragnari Kristjánssyni, Skútustöðum, Skútustaðahreppi**

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 10 m² smáhýsi við Skjólbrekku.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. **Erindi frá Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd 1, Skútustaðahreppi**

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir fimm 24 m² smáhýsi að Geiteyjarströnd 1 sem nota á til ferðaþjónustu.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að veitt verði stöðuleyfi fyrir húsin til eins árs. Sá tími ætti að duga umsækjanda til að ljúka deiliskipulaginu á svæðinu.

5. **Erindi frá Mílu**

Óskað er eftir leyfi til að setja upp sendistöð á Ytri-Selbungu í landi Helluvaðs og Laxárbakka, Skútustaðahreppi. Um er að ræða tækjahús og stagaðan tréstauro. Stærð tækjahúss er 5,8 m².

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. **Erindi frá Steinþóri Heiðarssyni, Ytri-Tungu, Tjörneshreppi**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir fjós að Ytri-Tungu. Húsið er 522,8 m² stálgrindarhús á steiptum grunni. Teikningar eru frá HS – Hönnunar Setrinu ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. **Erindi frá Jóni Hermanni Hjaltasyni, Hjaltastöðum, Þingeyjarsveit**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Hjaltastöðum, Þingeyjarsveit. Húsið er 88,5 m² timburhús á steiptum grunni. Teikningar eru unnar af Opus ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

8. Erindi frá Birgi Jónssyni, Bláskógum 1, Hveragerði

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á eignarlóð hans úr landi Kvígindisdals, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum súlum 44,9 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen á Tækniþingi ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að afstöðumynd berist til byggingarfulltrúa.

9. Erindi frá Jóni Gústafssyni, Rauðafelli, Bárðardal

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir gangnamannahús á lóðinni Slakka á Hraunárdal, Bárðdælafrétti. Slakki er úr landi Einarsstaða í Reykjadal. Húsið er 32,6 m² að grunnfleti.

Byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið enda er gert ráð fyrir húsi á staðnum í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands. Nefndin frestar afgreiðslu þar til lóðarsamningur liggur fyrir.

10. Erindi frá Þingeyjarsveit

Óskað er eftir umsögn nefndarinnar um vínveitingaleyfi til handa Sigurði A. Jónssyni f.h. Goðafossveitinga ehf. að Fosshóli.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.

11. Erindi frá Félagi verslunar og skrifstofufólks á Akureyri

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð félagsins Skógarseli í Vaglaskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er steinsteipt 156 m². Teikningar eru unnar af H.S.Á. teiknistofu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að framvísað verði lóðarsamningi til byggingarfulltrúa og samþykki landeiganda fyrir þessari húsbyggingu.

12. Erindi frá Mílu

Óskað er eftir leyfi til að setja upp sendistöð í landi Draflastaða á Víkurskarði. Um er að ræða tækjahús og stagaðan tréstauro. Stærð tækjahúss er 5,8 m². Lóðarleigusamningur fylgir með erindinu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

13. Kynning á fyrirhuguðum einbýlishúsum að Laugum, Þingeyjarsveit

Kynning á fyrirhuguðum byggingum tveggja einbýlishúsa á lóð Framhaldsskólans að Laugum, Þingeyjarsveit.

Lagt fram til kynningar.

14. Erindi frá Sigurlaugu og Hallfríði Egilsdætrum, Máná, Tjörneshreppi

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Máná og jafnframt leyfi til endurbóta á húsinu. Viðbyggingin er á tveimur hæðum samtals 27,8 m². Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen á Tækniþingi ehf.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

15. Erindi frá Landgræðslu ríkisins

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir aðstöðu- og geymsluhús við Dimmuborgir, Skútustaðahreppi. Húsin eru í forni gömlu sveitabæjanna. Fram kemur að unnið er að deiliskipulagi.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til samþykkt deiliskipulag liggur fyrir.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

16. Erindi frá Veðurstofu Íslands

Óskað er eftir heimild fyrir jarðskjálftamæli við Öskju og til að setja upp nauðsynlegan búnað til rekstrarins, þ.e. vindrellu og endurvarpa. Meðfylgjandi erindinu er afstöðumynd og ljósmyndir af búnaði.

Byggingarnefnd samþykkir erindið svo fremi að samþykki landeigenda liggi fyrir.

17. Erindi frá Þingeyjarsveit

Óskað er umsagnar nefndarinnar um tímabundið leyfi til áfengisveitinga frá 15.6. til 15.9.2007 til handa Sigurði A. Jónssyni f.h. Ferðaþjónustunnar Draflastöðum.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.

18. Erindi frá Vilhjálmi Jóni Valtýssyni, Birkimel, Þingeyjarsveit

Óskað er eftir leyfi til að byggja vélageymslu. Sökkull og gólf steinsteypt. Stálgrind sem burðarvirki með yleiningum á veggjum og á þaki, ljóst að lit. Flatarmál 322,1 m².

Byggingarnefnd vísar málinu til Umhverfis- og skipulagsnefndar í Þingeyjarsveit.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17³⁰.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Kolbeinn Kjartansson
Kristján Snæbjörnsson
Helgi Hallsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi